

Skólaráðsfundur 11. maí 2015

**Mættir:** Aníta Jónsdóttir og Hólmfríður Þorsteinsdóttir foreldrafulltrúar, Lára Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eyrún Skúladóttir skólastjóri, Sigrún Briem fulltrúi hverfisnefndar, Margrét Ingimundardóttir og Tómas Lárus Vilbergsson kennarafulltrúar og Róbert Orri Heiðmarsson nemendafulltrúi.

Elín E. Magnúsdóttir skrifaði fundargerð.

### **Skóladagatalið**

Skóladagatalið hefur verið samþykkt af skólanefnd Akureyrarbæjar. Eyrún bauð fólki að skoða það betur. Bókuð var athugasemd um það hversu langur tími leið frá því að skóladagatöl voru kölluð inn til skólanefndar þar til svar bærst um samþykki. Úthlutunarkvika í skólabúðirnar að Reykjum er sú sama og árshátíðarkvika í Glerárskóla. Það er ekki sú vika sem óskað var eftir. Erfitt hefur verið að ná sambandi við skólabúðirna því þessi vika gengur ekki. Verð fyrir hvern nemanda í skólabúðunum er 26.000. Skólinn borgar laun sinna kennara og rútu og getur ekki veitt meira fjármagni í þetta. Foreldrar í 6. bekk þurfa að fá upplýsingar um þessa upphæð tímanlega. Foreldrafélögin í bænum beittu sér fyrir því á sínum tíma að Reykjarferðir yrðu ekki lagðar niður. E.t.v. væri eðlilegt að Samtaka beiti sér fyrir því að fjármagn sé sett í þetta þar sem þeim foreldrum fer fjölgandi sem eiga í erfiðleikum með að greiða fyrir sín börn.

### **Áherslur næsta skólaárs**

Skólinn mun leitast við að styrkja sig í því sem hann hefur verið að vinna sérstaklega að en um leið að útvíkka þá þætti.

### **Læsi**

Læsisþing fyrir kennara verður 13. ágúst. Þar munu allir kennarar á Akureyri koma saman og fjalla um læsi í víðu samhengi. Á næsta skólaári munu kennarar á miðstigi efla sig í læsiskennslu með því að fá leiðsögn frá HA jafnt og þétt allt árið. Leiðsögnin mun verða sniðin að því sem kennarar telja sig helst þurfa.

### **Skólasamfélagið**

Vangaveltur um þátttöku alls skólasamfélagsins í ýmsum þáttum skólastarfsins s.s. reglum, námskrágerð o.fl. Rætt var um boðleiðir skýrari þannig að upplýsingaflæðið sé virkt? Hugmynd kom fram um að halda e-s konar skólaþing og þar kæmu saman fulltrúar frá foreldrum, kennurum og nemendum .

### **Heimasíðan**

Ný heimasíða hefur verið opnuð og í tengslum við það hefur Facebook síða verið opnuð. Einnig er komin Facebook síða hjá Frístund. Heimasíðan er unnin í Google umhverfinu og í framhaldinu má gera ráð fyrir að skólinn fari að nýta sér enn frekar það umhverfi.

### **Vorhátíðin**

Vorhátíðin verður 4. júní. Í fyrsta skipti er vorhátíð á skólatíma og heldur foreldrafélagið að mestu utan um skipulagið. Stjórn foreldrafélagsins hélt skipulagsfund með bekkjarráðum og vinaliðum skólans. Vinaliðar skipulögðu leiki og stóðu sig vel. Hins vegar komu fram óánægjuraddir í hópi foreldra vegna þess að þeir telja skólann vera að kalla foreldra of títt inn í skólann. Hugmyndin um að

prófa það fyrirkomulag að halda vorhátíð á skólatíma kom frá litlum hópi foreldra og skólanum. Ástæðan var hversu lítil þátttaka hefur verið í vorhátíð síðustu árin. Þetta fyrirkomulag verður prófað í ár og séð til hvernig þetta muni ganga. Hoppukastali verður í boði foreldrafélagsins.

### **Innra mat skólans**

Mikil vinna hefur farið í innra matið síðustu ár við að koma upp skorkorti. Hins vegar er það ekki komið á nógu gott form. Verið er að skoða niðurstöður Skólapúlsins þessa dagana. Rætt var um mikilvægi þess að halda fund með foreldrum um niðurstöður eineltisathugana. Hugsanlegt væri að hafa þessa umfjöllun á aðalfundi foreldrafélagsins. Síðustu mælingar bæði í Olweusarkönnun og Skólapúlsi sýna að einelti í Glerárskóla mælist minna en að meðaltali á landsvísi í skólum.

### **Starfsmannamál**

Tveimur kennurum hefur verið sagt upp og auk þess fær einn kennari ekki áframhaldandi vinnu sem ráðinn var til ársins. Tveir starfsmenn eru farnir í fæðingarorlof og einn til viðbótar fer fljótlega auk þess sem ráðinn stundakennari á von á sér. Búið er að raða niður umsjónarkennurum á bekki. Vinnumat er síðan að fara í gang samkvæmt nýjum kjarasamningi.

Þetta er síðasti fundur skólaráðs á skólaárinu og þakkaði Eyrún fyrir samstarfið.

Fleira ekki fært til bókunar

Elín E. Magnúsdóttir